

Fundargerð 22. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 21. september 2015

Mánudaginn 21. september 2015 kl. 13:45 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Gauti Jóhannesson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarútvegsfundur 2015

Lögð fram dagskrá sjávarútvegsfundarins sem haldinn verður miðvikudaginn 23. september nk.

Ákveðið að hafa eftirfarandi umræðuhópa á sjávarútvegsfundinum.

1. Viðbrögð við ræðu ávarpi ráðherra
2. Hvernig má auka skilning á íslenskum sjávarútvegi?
3. Eru núverandi tekjustofnar sveitarfélaga að ná utanum umhverfi sjávarútvegsins í dag?
4. Samskipti sveitarfélaga og fiskeldisfyrirtækja.
 - a. Skipulagsmál,
 - b. Hafnaraðstaða
 - c. Fasteignagjöld

Starfsmanni og formanni falið að hefja lokaundirbúning fyrir sjávarútvegsfundinn.

2. Viðskiptabann Rússa

Lögð fram til kynningar fram skýrsla Byggðastofnunar sem ber heitið Byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa. Skýrslan hefur nú þegar verið send á öll aðildarsveitarfélög samtakanna.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum af ástandinu og þeim áhrifum sem viðskiptabannið hefur á ákveðin aðildarsveitarfélög skv. skýrslunni og gerir athugasemdir við að ekki sé minnst á Djúpavog í henni. Einnig ítrekar stjórn fyrra boð sitt til forsætisráðuneytisins um aðstoð við gerð aðgerðaráætlunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.

Fundargerð skráði VRH